

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan hvers samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 117 31. desember 1976 um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

30. september 1977.

Nr. 351.

REGLUGERÐ

um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkunir samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar.

1. gr.

Ef tekjur elli- og örorkulífeyrisþega fara ekki fram úr 180.000 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 321.180 á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 180.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

2. gr.

Hjónum, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris en hafa ekki tekjur, er fara fram úr 252.000 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri að upphæð 542.952 kr. á ári. Hafi hjónin hins vegar tekjur umfram 252.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

3. gr.

Nú nýtur annað hjóna elli- eða örorkulífeyris, en hitt ekki, skal þá helmingur samanlagðra tekna þeirra, teljast tekjur lífeyrisþegans. Fari þessar tekjur hans ekki fram úr 180.000 kr. á ári, skal greiða uppbót (tekjutryggingu) á lífeyri hans að upphæð kr. 321.180 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 180.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

4. gr.

Með „tekjum“ í 1.—3. gr. er átt við allar tekjur í tekjudálki skattskýrslu, aðrar en tryggingabætur, eigin húsaleigu og tekjur barna.

5. gr.

Við ákvörðun tekna, samkvæmt ofanrituðu, skal fara eftir nýjustu upplýsingum, sem skattýfirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

6. gr.

Nú hættir elli- eða örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur, sem hafa komið í veg fyrir, að hann fengi hækkun bóta samkv. 1.—3. gr., og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar,

en komi síðar í ljós, að úrskurður bótaþega hafi verið byggður á röngum upplýsingum, ákveður tryggingaráð, hvernig með skuli fara.

7. gr.

Þeir, sem eiga rétt til hækkunar lífeyris vegna frestunar á töku hans fram yfir 67 ára aldur samkvæmt 11. gr. almannatryggingalaga, skulu njóta þeirrar sérstöku hækkunar umfram þær hækkanir, sem getið er í 1.—3. gr. hér að framan.

8. gr.

Við ákvörðun tekjutryggingar samkvæmt framansögðu, svo og við ákvörðun heimildarhækkunar samkvæmt 12. gr., skal, eftir því sem við verður komið, hafa gætur á, hvort umsækjandi um slíkar bætur hefur ráðstafað eignum sínum með þeim hætti, að tekjur falli niður og þannig hafi skapast tölulegur grundvöllur hækkunar. Þegar svo stendur á, metur tryggingaráð, hvort synja skuli umsókn.

9. gr.

Úrskurðaðar uppbætur samkvæmt 1.—3. gr. skal endurskoða árlega með tilliti til breytinga á tekjum bótaþega. Hinir nýju úrskurðir skulu gilda frá 1. júlí ár hvert. Hafi um verulega lækkun eða brottfall tekna verið að ræða, má láta hinn nýja úrskurð gilda frá 1. jan. það sama ár.

10. gr.

Einhleypingi, sem nýtur fullrar tekjutryggingar samkvæmt 1. gr. og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 10 000 á mánuði. Eigi hann rétt á hluta tekjutryggingar, lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

11. gr.

Heimilisuppbótar njóta aðeins þeir, sem búa einir á eigin vegum.

Þeir teljast njóta fjárhagslegs hagræðis vegna sambýlis eða samlaga við aðra um fæðis- og eða húsnæðisaðstöðu og njóta því ekki heimilisuppbótar sem svo er ástatt um, sem hér segir:

- a. Þeir, sem búa að heimilisaðstöðu með börnum, skyldmönnum eða venslafólki varðandi fæði eða húsnæði, eða ef þessir aðilar búa að heimilisaðstöðu bótaþegans, hvað þetta hagræði snertir.
- b. Þeir, sem búa að heimilisaðstöðu annarra óskyldra eða óvenslaðra, eða ef þessir aðilar búa að heimilisaðstöðu bótaþegans og vænta má svipaðs hagræðis og nefnt var í a-lið.

12. gr.

Nú vistast maki lífeyrisþega á elliheimili eða lífeyrir hans fellur niður vegna dvalar á sjúkrahúsi eða stofnun, og má þá greiða heimilisuppbót, enda fullnægi bótaþegi að öðru leyti skilyrðum til greiðslu slíkrar uppbótar samkvæmt 9. og 10. gr.

13. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbót (heimildaruppbót) á elli- og örorkulífeyri en að framan er greint, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess. Á þetta t. d. við um kostnað vegna vistunar á elliheimili.

Ennfremur er heimilt að greiða uppbót vegna mikils kostnaðar, þó að umsækjandi dvelji í heimahúsum, t. d. vegna heimilishjálpar eða hjúkrunar á heimili, vegna annars óvenjulegs sjúkrakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki, svo og vegna mikillar húsaleigu, eftir nánari fyrirmælum tryggingaráðs.

Við úrskurð bóta samkvæmt þessari grein, skal m. a. hafa hliðsjón af því, hvort bótaþegi nýtur heimilisuppbótar samkvæmt 9.—10. gr. og taka sama tillit til þess og annarra tekna við ákvörðun greiðsluupphæðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, samanber lög nr. 96 27. desember 1971, lög nr. 62 21. maí 1974, lög nr. 13 23. maí 1975, lög nr. 36 14. maí 1976, bráðabirgðalög nr. 53 28. júní 1977 og bráðabirgðalög nr. 56 9. ágúst 1977, staðfestist hér með til þess að gilda frá 1. júlí 1977.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 171 28. maí 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

30. september 1977.

Nr. 352.

REGLUGERÐ

fyrir Ípróttamiðstöð Vestmannaeyja.

1. gr.

Ípróttamiðstöðin er í Vestmannaeyjakaupstað og heitir Ípróttamiðstöð Vestmannaeyja.

2. gr.

Ípróttamiðstöð Vestmannaeyja er að hluta skólamannvirki en að öðru leyti ípróttamannvirki kaupstaðarins.

3. gr.

Ípróttamiðstöðin er á ábyrgð bæjarstjórnar Vestmannaeyja en er falin þriggja manna húsnefnd sem er þannig skipuð: tveir frá bæjarstjórn Vestmannakaupstaðar og einn frá fræðsluráði Vestmannaeyja. Varamenn eru kosnir af sömu aðilum.

Nefndin skipti sjálf með sér verkum og færi gjörðabók um störf sín sem skal lögð fyrir bæjarstjórn.

4. gr.

Starfssvið húsnefndar skal vera:

- a) að setja reglur um umgengni í húsinu
- b) ráða niður afnotum af húsinu. Forgangsrétt um afnot njóti skólar bæjarins á kennsludögum frá kl. 8 00 til kl. 18.00, því næst viðurkennd ípróttafélög bæjarins og þá almennigur. Þegar ganga skal frá niðurröðun á afnotum hússins þá skulu skólástjórar skóla bæjarfélagsins boðaðir á fundinn. Ef formaður Ípróttabandalags Vestmannaeyja á ekki sæti í húsnefndinni þá skal hann einnig boðaður á slíkan fund
- c) ákveða afnotagjöld
- d) ráða starfsfólk og setja því starfsreglur
- e) gera tillögur um viðhald hússins, áhöld þess og öflun tækja
- f) gera árlega áætlun um fjárþörf rekstrarins og skila henni svo snemma að hún liggi fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs
- g) sjá um að fjárhagsáætlun fyrir Ípróttamiðstöðina sé fylgt.

Ípróttamiðstöðvarnefndin eða forstöðumaður skulu gæta þess við skipulagningu afnota skóla og leiguafnot ípróttafélaga og almennings að nýting hússins verði sem